

Loks virðist vera í endurgreiðslukröfu stefnanda fólgin krafa um 10% afföll af þeim kr. 203.000.00, er hann greiddi með fyrirvara. Yfirséttanefnd og Ríkisskattanefnd hafa ekki talið ástæðu til að taka tillit til þessa atriðis. Og þar sem hér er um ólög- bundið atriði að ræða, telur rétturinn það liggja utan síns verk- sviðs að taka afstöðu til þess.

Samkvæmt framansögðu telur rétturinn ekki fært að taka hina umstefndu endurgreiðslukröfu til greina að neinu leyti, og ber því að sýkna stefnda, bæjarstjórnann á Sauðárkróki f. h. bæjar- sjóðs, af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en dæma stefn- anda samkvæmt þessum úrslitum til þess að greiða málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórnin á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Kaupfélags Skagfirð- inga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 10. apríl 1964.

Nr. 77/1963. **Gjaldheimtan í Reykjavík**

(Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Sjómannaþingsráði f. h. Laugarásbíós

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Giz-
ur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr
prófessor.

Lögtaksmál. Aðstöðugjald.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grimsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 11. júní

1963. Hér fyrir dómi krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjandi úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak í eignum stefnda, þó einungis til tryggingar aðstöðugjaldi, að fjárhæð kr. 41.300.00. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins, að því er tekur til aðstöðugjalds, og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Rekstur kvikmyndahúss til tekjuöflunar elliheimili er eigi sá eðlisþáttur í starfrækslu slíkrar stofnunar, að hann megi eftir ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 69/1962 telja undanþeginn aðstöðugjaldi samkvæmt III. kafla laganna. Ber því að fella úr gildi hinn áfrýjanda úrskurður og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjandi úrskurður er úr gildi felldur, og á fógeti að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Stefndi, Sjómannadagsráð f. h. Laugarásbíós, greiði áfrýjanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógeta dóms Reykjavíkur 21. apríl 1963.

Gerðarpóla, Laugarásbíói, hér í borg, var gert að greiða hér opinber gjöld fyrir ár 1962 samkvæmt gjaldseðli nr. 517490, að fjárhæð samtals kr. 54.047.00, er sundurliðast þannig:

Slysatryggingagjald	kr. 819.00
Lífeyristryggingagjald	— 9.594.00
Atvinnuleysistryggingagjald	— 2.334.00
Aðstöðugjald	— 41.300.00

Upp í gjöld þessi hefur gerðarpóli greitt með fyrirvara kr. 819.00 og kr. 9.594.00, eða samtals kr. 10.413.00, og enn fremur

26. febrúar s.l. kr. 2.334.00, einnig með fyrirvara. Standa þá eftir ógreiddar kr. 41.300.00. Gerðarbeiðandi hefur krafizt úrskurðar réttarins um gjaldskyldu gerðarþola, að því er varðar öll framangreind gjöld, samtals kr. 54.047.00, og lögtaks í eignum gerðarþola til tryggingar hinum umkröfðu gjöldum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framangreindum kröfum gerðarbeiðanda og gert þær kröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða umbjóðanda sínum, Sjómannadagsráði, málskostnað að skaðlausu.

Mótmæli sín og kröfur hefur umboðsmaður gerðarþola í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins reist meðal annars á því, að gerðarþoli, svonefnt Laugarásbíó, sé eigi til sem sjálfstæður skattþegn. Eins og framlögð skjöl málsins sýni (rskj. nr. 7), hafi Sjómannadagsráð sótt á sínum tíma um leyfi borgarstjórnar til kvikmyndasýningar í salarkynnum Hrafnistu, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og verið veitt það leyfi, en síðar hafi Sjómannadagsráð reist með leyfi borgarstjórnar sérstakt samkomu- og kvikmyndahús. Leyfi borgarstjórnar til handa Sjómannadagsráði til kvikmyndasýninga hafi verið veitt 29. marz 1954, og hafi borgarstjóri tilkynnt það Sjómannadagsráði með bréfi, dags. daginn eftir (rskj. nr. 8). Samkvæmt þessu leyfi hafi Sjómannadagsráð stofnað þenna kvikmyndahúsrekstur, og hafi það jafnan annazt reksturinn síðan. Sjómannadagsráð reki því kvikmyndahúsið, svonefnt Laugarásbíó, og standi algerlega undir rekstri þess. Hagnaður af rekstrinum renni til Sjómannadagsráðs, þ. e. Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, ef um hagnað sé að ræða, og Sjómannadagsráð verði að greiða tap á rekstrinum, ef því sé að skipta (sbr. rskj. nr. 9). Af þessu sé ljóst, að kvikmyndahúsrekstur Sjómannadagsráðs sé eigi sem gróðafyrirtæki einstakra manna, heldur renni hagnaður af honum, ef nokkur sé, beinlínis til elliheimilis sjómanna, Hrafnistu, og verði þannig til þess að lækka vistgjöld þar. Það sé og vitað, að hinn raunverulegi gerðarþoli þessa máls, Hrafnista, sé elliheimili og því undanþegið aðstöðugjaldi samkvæmt lögum nr. 69/1962, 8. gr., 2. mgr.

Um önnur gjöld, sem lögð hafa verið á gerðarþola samkvæmt framangreindum gjaldseðli, hefur umboðsmaður gerðarþola tekið fram, að hann telji vafasamt, að álagning slysatryggingaiðgjalds, kr. 819.00, samkvæmt 43. gr. laga nr. 24/1956 og lífeyristrygg-

ingaiðgjalds, kr. 9.594.00, samkvæmt 29. gr. sömu laga fá staðizt að lögum, enda hafi Sjómannadagsráð greitt gjöld þessi með fyrirvara. Þá hafi og verið lagt á gerðarþola atvinnuleysistryggingagjald, kr. 2.334.00, samkvæmt lögum nr. 29/1956, 5. gr., en þar eð fólk það, sem gerðarþoli hafi í þjónustu sinni, sé skrifstofufólk og sýningarmenn, er heyri undir 4. gr., 3. mgr., in fine sömu laga, þá fá þessi álagning eigi staðizt að lögum. Af framangreindum ástæðum beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur í greinargerð sinni og við munnlegan flutning málsins mótmælt framangreindum kröfum og sjónarmiðum umboðsmanns gerðarþola. Hefur hann haldið því fram, að enda þótt enginn ágreiningur sé um það, að fjárföfnunarstarfsemi Sjómannadagsráðs svo og bygging og rekstur Dvalarheimilis aldraðra sjómanna sé og eigi að vera undanþegið aðstöðugjaldi, enda hafi það notið styrks úr borgarsjóði, þá leiði eigi af því eftir atvikum, að kvikmyndasýningar, sælgætissala o. s. frv., sem að hlutarins eðli séu aðstöðugjaldsskyldar, eigi að vera undanþegin aðstöðugjaldsgreiðslum við það eitt, að Sjómannadagsráð eða D.A.S. hafi stofnað til rekstursins. Þetta fyrirteki Sjómannadagsráðs sé eigi í eðli sínu þannig, að það eo ipso hljóti að njóta þess skattfrelsis, sem D.A.S. nýtur samkvæmt 8. gr., 2. mgr., laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 5. gr., 3. lið, reglugerðar nr. 81/1962 um aðstöðugjald, enda haldi hann því eindregið fram, að Laugarásbíó njóti eigi þessa skattfrelsis og sé því aðstöðugjaldsskyllt og skattskyllt sem önnur slík fyriræki, og gjöld þau, sem hér sé um að ræða, hafi því réttilega verið á gerðarþola lögð. Hins vegar sé enginn ágreiningur um sjálfa fjárhæðina, enda sé aðstöðugjaldið lagt á eftir framtali gerðarþola og miðað við vissan hundraðshluta rekstrarútgjalda samkvæmt 9. gr. laga nr. 69/1962. Beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Aðiljar lögðu málið undir úrskurð réttarins.

Svo sem að framan greinir, hefur umboðsmaður gerðarþola gert þær kröfur í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar af þeim ástæðum, að gerðarþoli sé eigi sjálfstæður skattþegn, heldur sé fyrirtækið rekið af Sjómannadagsráði sem þáttur í starfi þess til fjárföfnunar til Hrafnistu, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, enda renni hagnaður sá, er kunnir að verða af rekstri Laugarásbíós, allur til dvalarheimilisins og Sjómannadagsráðs eða dvalarheimilið beri þann halla,

sem verða kunnir af rekstrinum, sbr. rskj. nr. 9, og þar eð hér sé um elliheimili að ræða, þá leiði af því, að gerðarþoli, svenfnt Laugarásbío, sé undanþeginn aðstöðugjaldi samkvæmt 8. gr., 2. mgr., laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga, og einnig verði að telja vafasamt, að heimilt hafi verið að leggja á gerðarþola slysatryggingaiðgjald og lífeyristryggingaiðgjald, og að atvinnuleysistryggingagjaldið fái eigi staðizt að lögum.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda hefur hins vegar haldið því fram, að enda þótt enginn ágreiningur sé um það, að fjársöfnunarstarfsemi Sjómannadagsráðs svo og bygging og rekstur Dvalarheimilis aldraðra sjómanna séu eigi aðstöðugjaldsskyld að lögum, þá sé fyrirtækið Laugarásbío eigi þess eðlis, að það njóti sama skattfrelsis og dvalarheimilið, og enda þótt dvalarheimilið reki fyrirtækið Laugarásbío sé það því aðstöðugjaldsskyldt og skattskyldt sem önnur slík fyriræki.

Á þetta sjónarmið umboðsmanns gerðarbeiðanda getur rétturinn eigi fallizt. Það er upplýst í máli þessu, að Laugarásbío er rekið af Sjómannadagsráði, enda leyfið til kvikmyndasýninga veitt Sjómannadagsráði, sbr. rskj. 8, og enn fremur er það upplýst, sbr. rskj. nr. 10, að hagnaður af rekstri kvikmyndahússins, ef nokkur er, rennur til Sjómannadagsráðs eða dvalarheimilisins og að Sjómannadagsráð ber hallann af rekstrinum, ef svo ber undir, sbr. rskj. nr. 9. Laugarásbío er því að álitu réttarins í þeim tengslum við Dvalarheimili aldraðra sjómanna, að líta verður á það sem þátt í fjáröflunarstarfsemi Sjómannadagsráðs eða dvalarheimilisins og að það falli því undir undantekningarákvæði 8. gr., 2. mgr., laga nr. 69/1962 um tekjustofna sveitarfélaga. Þá lítur rétturinn svo á, að eigi hafi verið heimilt að lögum að leggja á gerðarþola eftir atvikum atvinnuleysistryggingagjald, þar eð upplýst er í málinu, að fólk það, sem gerðarþoli hefur í þjónustu sinni, er skrifstofufólk og sýningarmenn, sem eigi taka laun sín samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða samkvæmt gildandi launataxta verkalýðsfélags, sbr. 4. gr., 2. mgr., laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að gerðarþola beri að greiða umkrafíð lífeyristryggingaiðgjald samkvæmt 24. gr., d-lið, laga nr. 24/1956, sbr. 32. gr., 1. mgr., sömu laga. Samkvæmt þessu þykir rétt að sýkna gerðarþola af kröfum gerðarbeiðanda um aðstöðugjald, kr. 41.300.00, og enn fremur sýkna hann af kröfunni um atvinnuleysistryggingagjald, kr. 2.334.00. Hins vegar ber gerðarþola að greiða umkrafíð lífeyristryggingaiðgjald, kr. 9.594.00, og slysatryggingaiðgjald, kr.

819.00, sem hann þegar hefur greitt með fyrirvara, og fellur sá fyrirvari því niður. Eftir atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerðarþoli skal sýkn af kröfum gerðarbeiðanda um aðstöðugjald, kr. 41.300.00, svo og af kröfu gerðarbeiðanda um atvinnuleysistryggingagjald, kr. 2.334.00. Hins vegar er hann gjaldskyldur, að því er varðar umkrafín lífeyristryggingaiðgjald, kr. 9.594.00, og slystryggingaiðgjald, kr. 819.00, og fellur fyrirvari gerðarþola um þær greiðslur því niður.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. apríl 1964.

Nr. 82/1963. **Ingólfur Guðmundsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Skattamál. Lögtak.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson borgarfégeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1963 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði stað-